

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
(sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is)

Ísafirði 21. febrúar 2020.

*Umsögn tillaga til þingsályktunar um gerð jarðganga milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar, mál 299, 150. löggjafarþing.*

Efni þingsályktunarinnar hefur verið studd í ályktunum um samgöngumál á vettvangi Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) á síðustu árum og kynntar Alþingi í umsögnum um samgöngumál. Sagt með þeim fyrirvara, að Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur hafið vinnu að gerð Samgönguáætlun Vestfjarða og innan hennar verður unnin Jarðgangaáætlun Vestfjarða.

Það sem liggur þó fyrir er að FV lagði til í umsögnum í janúar s.l. um þingsályktun um samgönguáætlun 2020-2024 og samgönguáætlun 2020-2034, að mikilvægt sé að vinna að Jarðgangaáætlun. Hins vegar sé það óljóst hvaða markmiði það þjónar að tilgreina hugsanleg jarðgangaverkefni um allt land þ.m.t. Álftafjarðargöng sem líkleg verkefni.

Markvissara er að mati FV, að nálgast verkefnið heilðrænt eftir skilgreindum forsendum og forgangsraða verkefnum í framhaldi af því. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur í því samhengi að Álftafjarðargöng muni lenda í forgangi að teknu tilliti markmiða Samgönguáætlunar;

- greiðar samgöngur (útiloka áhrif veðurs og ofankomu með tilheyrandi lokun vega, auk styttingu leiðar),
- öruggar samgöngur (útiloka alvarlega slyshættu af völdum grjóthruns og ofanflóða),
- hagkvæmar samgöngur (stytting leiðar, bætt vinnusókn),
- umhverfislega sjálfbærar samgöngur (stytting leiða),
- jákvæð byggðþróun (stækkun atvinnusvæðis og stytting leiða innan atvinnusvæðis. il viðbótar má tengja inn markmið nýsamþykktar þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga um aukna samvinnu sveitarfélaga).

Á fundi FV með umhverfis og samgöngunefnd þann 5. febrúar s.l. þar sem efni umsagna sambandsins voru kynntar, þá lagði Fjórðungssambandið einnig áherslu á aukin og hraðari viðbrögð við ofanflóðahættu á vegum innan atvinnusvæða, auk áherslu á fækkun fjallvega. Aukin þungi á þessar áherslur komu fram í greinargerð Vestfjarðastofu sem skilað var nú í febrúar, til átakshóps ríkisstjórnar um afleiðingar „Aðventustorms“ í desember s.l. og síðan afleiðingar óveðurs og snjóflóða á Flateyri og Súgandafirði í janúar s.l.. Í kynningu FV til umhverfis og samgöngunefndar segir m.a.;

Hætta er á ofanflóðum er víða til staðar í og við byggðakjarna á Vestfjörðum og eins er snjóflóðahætta til staðar á vegum milli byggðakjarna. Vegna aukinnar kröfu um öryggi vegfarenda er vegum lokað þegar talin er hættu á ofanflóðum vetur sem sumar. Af þessum sökum getur því í lokast í lengri tíma á milli byggðakjarnanna dæmi hér um eru Súðavíkurlíð, Hvilftarströnd, Eyrarhlíð og Raknadalshlíð.

Í fjölkjarnasveitarfélögum eða innan þjónustusvæða, verða íbúar og atvinnulíf að nýta slíka vegi til að geta sótt þjónustu og vinnu. Gefur augaleið að samkeppnishæfni slíkra samfélaga

um fyrirtæki og íbúa er verulega skökk miðað við önnur sveitarfélög. Aðgerðin fælist í að tryggja aukið fjármagn til að hraða ofanflóðavörnum við vegi. Aðgerðin yrði einnig skoðuð með hliðsjón af aðgerðinni „Fækka fjallvegum“ ef jarðgöng er lausn í stað aukinna ofanflóðavarna.

Heildstæð jarðgangnaáætlun - Fækka fjallvegum Í tillögu að samgönguáætlun 2020-2034 er tillaga um mótun Jarðgangnaáætlun. Í fjölkjarnasveitarfélögum verða íbúar og atvinnulíf að nýta fjallvegi til að geta sótt þjónustu og vinnu. Gefur augaleið að samkeppnishæfni slíkra samfélaga um fyrirtæki og íbúa er verulega skökk miðað við önnur sveitarfélög. Aðgerðin fælist í að í jarðgangnaáætlun verði sett að meginmarkmiði að innan næstu þriggja samgönguáætlana til ársins 2050 verði fjallvegum innan þjónustusvæða útrýmt með jarðgöngum.

Í greinargerð með þingsályktuninni er vísað til algjörar vöntunar á rannsóknum á Álftafjarðargöngum. Þetta er að hluta til ekki rétt, vísar Fjórðungssamband Vestfirðinga hér til að á grundvelli viðaukasamnings um Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019, þá studdi Fjórðungssamband Vestfirðinga rannsóknir Vegagerðarinnar á Álftafjarðargöngum á árinu 2018. Framlag Fjórðungssambandsins var 3 mkr en heildarkostnaður við verkefnið voru áætlaðar 10 mkr.

Fram kemur í verkefnalýsingu með verkefninu.

„Árið 2001 var gerð yfirlitsathugun á nokkrum gangaleiðum í tengslum við Greinargerð vinnuhóps um öryggismál Djúpvegur milli Súðavíkur og Bolungarvíkur. “*Ágúst Guðmundsson Jarðgöng á Vestfjörðum, Óshlíð og Súðavíkurhlíð, yfirlit yfir jarðfræðilegar aðstæður, Reykjavík 2001*“

Líklegar jarðgangaleiðir hafa verið metnar á grundvelli þessara skýrslu og aukinnar þekkingar á jarðgangagerð frá því framangreind skýrsla var gefin út. Ekki er talin ástæða til að fara í neinar frekari athuganir á bergi á þessu stigi, heldur verður stuðst við almenna þekkingu á jarðfræði svæðisins, enda ekkert sem bendir til að þar verði við sérstaklega erfiðar aðstæður að etja. Val á munnastöðum og þar með lengd jarðganga eru þeir þættir sem mestu máli skipta á þessu stigi og eru rannsóknir á þykkt lausra jarðefna þar einn lykilþáttur.

Verkefni þetta er að fjármagna rannsóknir á lausum jarðefnum með borunum við líkleg munnastæði jarðgangna á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar og skrif greinargerðar um niðurstöðu þeirra.“

Skýrsla Vegagerðarinnar hefur hins vegar ekki komið fram og er því beint til stjórnvalda og Alþingis að efni skýrslunnar verði nú þegar kynnt og áætlun um kostnað við gerð Álftafjarðarganga liggja sem fyrst fyrir. Ef talin sé þörf fyrir nánari rannsóknir þá verði þeim þá þegar hraðað.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu